

## **81. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 30. nóvember 2009, kl. 16:30.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

- 1. Fjárhagsáætlun 2010**
  - 2. Fundargerðir:**
    - a) **Stjórnar SSNV frá 10. nóvember 2009**
    - b) **Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 12. nóvember 2009**
    - c) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 29.október 2009**
    - d) **Hafnarsambands Íslands frá 2. nóvember 2009**
    - e) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009**
  - 3. Erindi frá Farskólanum dags. 6. nóvember 2009**
  - 4. Samningur Farskólans og Blönduósbæjar**
  - 5. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 5. nóvember 2009**
  - 6. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 10. nóvember 2009**
  - 7. Erindi frá Stígamótum ódags.**
  - 8. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra frá 16. nóvember 2009**
  - 9. Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

#### **1. Fjárhagsáætlun 2010**

*Bæjarstjóri lagði fram rekstraryfirlit 2010 og sundurliðun tillagna einstakra deilda um rekstrarverkefni og fjárfestingar árið 2010.*

*Skólastjóri Grunnskólans á Blönduósi mætti á fundinn og gerði grein fyrir tillögum sínum.*

*Umræður urðu um tillögurnar og frekari umfjöllun frestað til næsta fundar.*

#### **2. Fundargerðir:**

- a) **Stjórnar SSNV frá 10. nóvember 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
- b) **Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 12. nóvember 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
- c) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 29.október 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
- d) **Hafnarsambands Íslands frá 2. nóvember 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
- e) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009**  
*Lögð fram til kynningar*

#### **3. Erindi frá Farskólanum dags. 6. nóvember 2009**

*Óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2010.*

*Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunar 2010.*

**4. Samningur Farskólans og Blönduósbæjar**

*Lagður er fram samningur á milli Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra um rekstur fjarnámsaðstöðu/námsveri á Blönduósi.*

*Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og jafnframt að unnið verði að kynningu á námsverinu á Blönduósi.*

**5. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 5. nóvember 2009**

*Umhverfisstofnun vekur athygli á að í frumvarpi til fjárlaga 2010 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða.*

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 10. nóvember 2009**

*Á 46. sambandsþingi Ungmennafélags Íslands sem haldið var í Reykjanesbæ 10.-11. október 2009, var eftirfarandi tillögur samþykktar af fulltrúum þingsins og vill stjórn UMFÍ vekja sérstaklega athygli á þeim.*

*46. sambandsþing UMFÍ haldið í Reykjanesbæ 10.-11. október 2009, skorar á sveitarfélögin að styðja dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf. Jafnframt er fagnað þeirri uppbyggingu á íþróttamannvirkjum um allt land og hvetur til markviss viðhalds og fegrunar á umhverfi þeirra.*

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Erindi frá Stígamótum ódags.**

*Óskað er eftir styrkveitingu fyrir árið 2010.*

*Bæjarráð hafnar erindinu.*

**8. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra frá 16. nóvember 2009**

*Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að fjallað verði um fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2010.*

*Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunar 2010.*

**9. Önnur mál**

**a) Fundargerð skipulags-, byggingar og veitunefndar frá 26. nóvember 2009**

*Bæjarráð samþykkir dagskrárlíð 2. í fundargerðinni.*

*Bæjarráð samþykkir dagskrárlíð 5. í fundargerðinni.  
Sverrir Sverrisson er úthlutað lóðinni Garðabyggð 12.  
Heiðar Kristjánsson er úthlutað lóðinni Brekkubyggð 27.*

**b) Mál nr. E-69/2009 Jóna Fanney Friðriksdóttir gegn Blönduósbæ**

*Dómsorð Héraðsdóms Norðurlands vestra hljóðar svo: „ Viðurkenningarkröfu stefnanda, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, er vísað frá dómi. Stefndi, Blönduósbær, er sýkn af kröfum stefnanda. Stefndandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 19:50*

*Kári Kárason(sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*